

Seiðafleyta kostar hundruð milljóna

• Landsvirkjun hannar seiðaveitu til að koma niðurgöngufiski framhjá vélum virkjana í Þjórsá • Stjórn Veiðifélags Þjórsár er ekki sannfærð

Fréttaskýring Helgi Bjarnason
helgi@mbl.is Ekki er nóg að koma laxinum upp fyrir áformaðar virkjanir í neðri hluta Þjórsár. Þar þurfa að vera aðstæður til náttúrulegs klaks og að seiðin komist til sjávar.

Fréttaskýring
Helgi Bjarnason

helgi@mbl.is

Ekki er nóg að koma laxinum upp fyrir áformaðar virkjanir í neðri hluta Þjórsár. Þar þurfa að vera aðstæður til náttúrulegs klaks og að seiðin komist til sjávar. Lón og breytingar á farvegi munu raska um þriðjungi búsvæða laxfiska í ánni, samkvæmt upplýsingum Veiðimálastofnunar. Á vegum Landsvirkjunar er verið að undirbúa umfangsmiklar og dýrar aðgerðir til að hjálpa seiðunum til sjávar.

Stjórn Veiðifélags Þjórsár gengur lengra en Veiðimálastofnun, telur að öllum fiskgengum svæðum í ánni verði ógnað með virkjunum. Áhyggjur hennar beinast meðal annars að því hvernig klaki í ánni vegnar og á hverju fiskurinn eigi að lifa. Sérstaklega eru nefndar breytingar á farvegi Þjórsár þar sem Kálfá rennur í fljótið. Stjórnin hefur efasemdir um að laxinn finni leið upp í ána sem er þýðingarmikill uppeldisstaður fyrir vatnasvæði Þjórsár.

Breytt hönnun virkjana

Landsvirkjun hefur breytt hönnun virkjana til að draga úr áhrifum á laxinn, til dæmis með því að lækka í inntakslónum til að viðhalda straumi í ánni. Þannig verður tryggt að farvegir Þjórsár munu hvergi þorna upp. Með því er séð til þess að rennsli verður á mikilvægum uppeldis- og hrygningarsvæðum og fyrir uppgöngu fisks.

Landsvirkjun hefur áhuga á að kaupa upp netaveiði til að auka laxgengd upp í ána og búa í haginn fyrir aukna stangveiði á milli áformaðra virkjana. Það gæti, ef vel tekst til, margfaldað verðmæti veiðihlunninda.

Þá verður reynt að nýta góð uppeldissvæði í þverám, ofan Hvammsvirkjunar, til að mæta hluta af þeim svæðum sem glatast við virkjanir. Helgi Bjarnason, verkefnisstjóri hjá Landsvirkjun, telur ekki vafa á að þar verði hægt gera búsvæði sem vega upp skerðingu vegna inntakslóna. Minnir hann á að Þjórsá var ólaxgeng fyrir ofan fossinn Búða ásamt þverám, áður en Landsvirkjun lét byggja laxastigann fyrir tuttugu árum.



Heiðarlón Inntakslón Urriðafossvirkjunar verður skammt ofan við Þjórsárbrú á hringveginum. Þaðan verður vatnið leitt í vélar virkjunarinnar. Seiðafleytu er ætlað að koma gönguseiðum og öðrum niðurgöngufiski ólöskuðum aftur í farveginn. — Morgunblaðið/RAX



[Smellið til að sjá stærri mynd]

Landsvirkjun er að hanna seiðafleytu til að koma gönguseiðum og eftir atvikum öðrum niðurgöngufiski fram hjá Urriðafossvirkjun. Það er gert með því að fleyta efsta lagi jökulvatnsins í inntaki virkjunarinnar um sérstaka rás niður í farveg árinna. Þetta er mikið mannvirki sem kostar hundruð milljóna króna. Sérstök flotgirðing gegnir sama hlutverki við Hvammsvirkjun.

Ekki sannfærðir

Stjórn Veiðifélags Þjórsár er ekki sannfærð um ágæti mótvægisáðgerða Landsvirkjunar. Kom það meðal annars fram í umsögn um drög að þingsályktunartillögu. Sömu sögu er að segja af NASF, Verndarsjóð villtra laxastofna, sem Orri Vigfússon hefur forystu fyrir.

Oddur Bjarnason í Stöðulfelli, formaður veiðifélagsins, vekur athygli á þeim mikla mun sem er á mati Landsvirkjunar og Veiðimálastofnunar annars vegar og bandaríska líffræðiprófessorsins Margaret J. Filardo og Orra Vigfússonar hinsvegar á virkni seiðaveitu og áhrifum á stofna laxfiska. „Landsvirkjun heldur því fram að innan við 5% seiðanna myndu farast en Orri Vigfússon og Filardo telja að 80-89% myndu farast. Ég treysti Orra og Filardo betur,“ segir Oddur.

Í Urriðafossvirkjun verða settar upp vélar sem eiga að hleypa í gegn þeim seiðum sem seiðafleytan nær ekki. Samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun gefa framleiðendur vélanna þær upplýsingar, út frá reynslu í mörgum löndum, að 95% seiðanna lifi ferðalagið af. Í umsögn veiðifélagsins er gert lítið úr þessari fjárfestingu og því haldið fram að seiðin drepist vegna þrýstingsbreytinga við 40 metra fall niður í aðrennslisstokk vélar.

Menn ætla að vanda sig

Sigurður Guðjónsson, forstjóri Veiðimálastofnunar, segir að enn sé verið að hanna seiðafleytuna. Nefnir hann að reiknilíkan af straumnum í gegnum lónið og niður í seiðaveitu verði kynnt í næstu viku og verið sé að smíða líkan af seiðaveitunni í straummælingastöð. „Menn ætla að vanda sig enda er mikið undir,“ segir Sigurður.

Hann segir að það skipti höfuðmáli varðandi mótvægisáðgerðir að þær séu allar hannaðar áður en virkjað er og þá sem hluti af mannvirkinu, en ekki eftir að virkjað hefur verið og tjónið er orðið, eins og víðast hafi orðið raunin í heiminum. „Þetta skýrist betur á næstu mánuðum. Ef einhverjir vankantar koma upp í þessum rannsóknum gefst tækifæri til að sníða þá af,“ segir Sigurður.

ÓLÍKT MAT Á MÁLUM

Þarf að vera gulltryggt

Skoðanir eru afar skiptar um áhrif virkjana á laxastofninn í Þjórsá, eins og rakið er í greininni hér fyrir ofan og fyrri grein sem birtist í gær. Heildarniðurstaða hagsmunaaðila er eins og nærri má geta afar ólík.

Veiðifélag Þjórsár leggur til að virkjanir verði settar í biðflokk. Tíminn verði notaður til að kalla til erlenda sérfræðinga til að leggja mat á niðurstöður Veiðimálastofnunar og áform Landsvirkjunar um mótvægisáðgerðir. „Þetta verður að vera gulltryggt og byggt á rannsóknum sem hægt er að treysta,“ segir Oddur Bjarnason, bóndi á Stöðulfelli, formaður veiðifélagsins.

Metnaðarfullar áðgerðir

„Þessar mótvægisáðgerðir eru mjög metnaðarfullar en við vitum ekki fyrir víst hver niðurstaðan verður fyrir en á reynir,“ segir Helgi Bjarnason, verkefnisstjóri hjá Landsvirkjun, spurður um heildarniðurstöðu mótvægisáðgerða vegna virkjana í Neðri-Þjórsá.